

**Sp.**

## **64. Tillaga til þingsályktunar**

[64. mál]

um stuðning við yfirlýsingu Alkirkjuráðsins um málefni Nikaragúa.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir,  
Haraldur Ólafsson.

Alþingi ályktar að styðja yfirlýsingu Alkirkjuráðsins í september 1986 um Nikaragúa og felur ríkisstjórninni að beita áhrifum sínum þannig að koma megi í veg fyrir efnahagslega og hernaðarlega íhlutun gegn Nikaragúa.

### **Greinargerð.**

Á fundi Alkirkjuráðsins, sem haldinn var í Reykjavík 15.–19. september 1986, var m.a. fjallað um málefni Nikaragúa og efnahagslega og hernaðarlega íhlutun Bandaríkjastjórnar gegn landinu. Alkirkjuráðið samþykkti af þessu tilefni þá yfirlýsingu sem birt er í íslenski þýðingu hér á eftir.

Með samþykkt þingsályktunartillögunnar tekur Alþingi undir þessa yfirlýsingu og þá hvatningu Alkirkjuráðsins að ríkisstjórnir beiti áhrifum sínum til að binda enda á þessa íhlutun og í stað hennar komi aukin viðskipti og aðstoð við landið.

### **Fylgiskjal.**

#### **Yfirlýsing Alkirkjuráðsins um Nikaragúa.**

Fullveldi Nikaragúa er í hættu. Gerðar hafa verið árástir á landið og ráðist gegn sjálfsákvörðunarrétti þjóðarinnar. Reynt er að hindra að hún fái að ráða eigin örlögum. Fólkið má nú þola sársauka og þjáningar. Þjóðin hrópar á hjálp til að ná friði og réttlæti.

Blygðunarlausar tilraunir ríkisstjórnar Bandaríkjanna til að koma ríkisstjórn Nikaragúa á kné urðu öllum ljósar þegar Bandaríkjaþing samþykkti 100 milljóna dala aukafjárveitingu til svokallaðra kontra-skæruliða. Samþykkt þessi kemur í kjölfar þess að Bandaríkjastjórn neitaði að fallast á niðurstöðu Alþjóðadómstólsins um að stuðningur Bandaríkjanna við uppreisnaröflin í Nikaragúa væri brot á alþjóðalögum. Fjölmennir hópar Bandaríkjamanna, þar á meðal innan kirkjunnar, hafa lýst yfir andstöðu sinni gegn stefnu stjórnvalda varðandi Nikaragúa.

Í sambandi við nýafstaðna heimsókn stjórnarnefndar heilbrigðismáladeildarinnar til Nikaragúa og fund deildarinnar, er þar var haldinn og fjallaði um þátttöku kirkjunnar í þróunarstarfsemi, veittist fulltrúum Alkirkjuráðsins á ný tækifæri til að hlýða á rödd fólksins í Nikaragúa og heyra um árangur þess, sérstaklega á sviði menntamála og heilsugæslu, svo og um vandamál þjóðarinnar. Báðir aðilar lögðu áherslu á að nauðsynlegt væri að ítreka stuðning hinnar almennu kristnu kirkju við Nikaragúa á þessum miklu þrengingartímum. Enn fremur var skýrt frá áhrifum efnahagslegra refsiaðgerða og hernaðaríhlutunar Bandaríkjanna í Nikaragúa.

Í bréfi til kirkjunnar og kristinna manna í Bandaríkjunum, dags. 4. júlí 1986, segir baptistaráðstefnan í Nikaragúa svo um ályktun Bandaríkjaþings um stuðning við skæruliðana:

„Ráðstöfun þessi felur í sér að verja fé til að auka sársauka, dauða og eyðileggingu meðal þjóðar sem þegar þjáist mikið. En fyrir okkur er samþykkt þessi annað og meira en brot ríkisstjórnar Reagans á alþjóðalögum því hér ræðst myrkrið gegn birtunni, dauðinn gegn lífinu, valdið gegn rökhyggjunni og réttlætinu. Þrátt fyrir þetta boðar Biblían okkur að myrkrið geti ekki sigrað ljósið (Jóhannes 1:5).

Vegna viðskiptabannsins gegn Nikaragúa, gagnbyltingaraðgerða Hvíta hússins, svo og rógsherferðar og þrýstings sem beitt er gegn landi þessu, er orðið nær ólíft hér. Matarbirgðir eru nærri hættumörkum, nauðsynlegustu lyf vantar, samgöngur eru ótryggar, yfirvofandi skortur er á hráefnum og varahlutum og atvinna að dragast saman. Daglega gröfum við og grátum látið fólk, en sjúkdómar, næringarskortur og örvænting breiðist út meðal þjóðarinnar.“

Framkvæmdanefndin

*útrekar* stuðning sinn við þjóðina í Nikaragúa er leitast við „að velja sér stjórnarfar sem hæfir sögu hennar og siðmenningu, sjálfstæði, hlutleysisstefnu og fjölhyggju, svo og þá skipan efnahagsmála er kemur fátæklingum til góða“ (miðnefndin í ágúst 1985).

Framkvæmdanefndin

*skorar á aðildarkirkjurnar* að hvetja ríkisstjórnir landa sinna til að beita áhrifum sínum þannig að koma megi í veg fyrir efnahagsleg afskipti af Nikaragúa og hernaðarhlutun í landinu og að auka viðskipti og aðstoð við þjóðina. Enn fremur að halda áfram að minnast kirkjunnar í Nikaragúa í fyrirbænum og koma orðsendingum til hennar í tilefni friðarhátíðar og réttlætis sem haldin verður í Nikaragúa hinn 31. október 1986.

Einnig er skorað á aðildarkirkjurnar að styðja kirkjuna í Nikaragúa og skyld samtök.

Framkvæmdanefndin

*styður heils hugar* málstað kirkjunnar og kristinna manna í Bandaríkjunum — í anda sáttmálans er gerður var á sjötta þinginu við kristna menn í Mið-Ameríku — sem veita kirkjunni í Nikaragúa stuðning jafnt andlegan sem veraldlegan og vinna þannig gegn stefnu ríkisstjórnar sinnar.